

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 11. október 2011 í máli nr. E-6995/2010:

Oddrún Kristófersdóttir

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Svanhvít Axelsdóttir hdl)

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september sl., var höfðað 19. nóvember 2010.

Stefnandi er Oddrún Kristófersdóttir, Blikaási 21, Hafnarfirði.

Stefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða stefnanda 6.509.000 krónur með 6% ársvöxtum frá 16. desember 2009 til 1. janúar 2010, með 5,7% ársvöxtum frá þeim degi til 15. mars s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir

Málavextir eru þeir að Ívar Smári Guðmundsson og Guðmundur Sesar Magnússon lögðu af stað frá Reykjavík áleiðis til Egilsstaða hinn 15. desember 2009, kl. 7:30, með flugvél Flugfélags Íslands. Þegar þangað var komið héldu þeir för sinni áfram í bíl til Vopnafjarðar. Eini tilgangur þeirra með ferðinni var að sækja þangað vélbátinn Börk frænda NS055, sem ÍSG Ræktun ehf. hafði þá nýverið fest kaup á

og sigla bátnum til Reykjavíkur. Frá Vopnafirði héldu þeir rakleiðis um borð í bátinn og lögðu af stað til Reykjavíkur um kl. 21:00.

Við skýrslutöku hjá sýslumanninum á Eskifirði skýrði Ívar Smári svo frá að þeir hefðu þeir skipst á að sigla um nóttina og tekið þriggja til fjögurra tíma hvíld á milli. Ívar Smári sagðist hafa verið búinn að vera við stjórn, en Guðmundur Sesar verið kominn í brúna til að taka við og hafi þeir ákveðið að sigla vel út fyrir eyjuna Skrúð til að forðast sker í kringum eyna. Ívar Smári sagði að þeir hefðu verið búnir að finna fyrir smáókyrrð skömmu áður en stór alda reis upp fyrir framan bátinn og skall á honum með þeim afleiðingum að báturinn fór strax á hvolf. Ívar Smári Guðmundsson komst lífs af en Guðmundur Sesar Magnússon drukknaði.

Þeir Ívar Smári og Guðmundur Sesar höfðu ásamt öðrum stofnað ÍSG Ræktun ehf. til þess að undirbúa kræklingaræktun og voru kaupin á bátnum liður í þeim undirbúningi. Stefnandi heldur því fram að þeir hafi ekki verið starfsmenn félagsins og að þeir hafi ekki verið á launum hjá félaginu. Þá heldur stefnandi því fram að sigling þeirra á bátnum, þegar slysið varð, hafi ekki verið þáttur í þeirri starfsemi sem fyrirhuguð var á vegum félagsins.

Í framlögðum gögnum kemur fram að Guðmundur Sesar stóð að rekstri félagsins, en hann sat í stjórn þess a.m.k. frá 2. september 2009 og sat sem framkvæmdastjóri þess frá 19. nóvember 2009.

Guðmundur Sesar Magnússon hafði keypt svonefnda F plús 3 fjölskyldutryggingu hjá stefnda samkvæmt váttryggingarskilmálum nr. GH20. Er í máli þessu krafa gerð um greiðslu dánarbóta samkvæmt þeim hluta skilmálanna sem nefnd er Fritímaslysatrygging. Kröfuna gerir ekkja Guðmundar Sesar Magnússonar, Oddrún Kristófersdóttir, samkvæmt gr. 6.1.6 í skilmálum um þessa tryggingu, sbr. 2. mgr. 100. gr. laga nr. 30/2004.

Stefnda var tilkynnt um slysið hinn 7. janúar 2010. Stefndi hafnaði greiðslu bóta úr umræddri fjölskyldutryggingu. Var höfnun einkum grundvölluð á því mati stefnda að hinn látni hefði orðið fyrir vinnuslysi en tryggingin greiði ekki bætur vegna slysa sem verði þegar váttryggður er í vinnu.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndar váttryggingamála og kvað nefndin upp úrskurð hinn 13. júlí 2010. Var niðurstaða nefndarinnar sú að miðað við allar aðstæður og reynslu hins látna við sjómannsstörf, og aðkomu hans að flutningi bátsins, hafi allt bent til að hann hefði verið við vinnu í umrætt sinn, óháð því hvort formlegur samningur hafi verið gerður við hann. Þá hafi verið litið til þess að flutningur bátsins hafi verið vegna áætlana um atvinnu og arðskapandi veiðar á bátnum í framtíðinni. Leit úrskurðarnefndin því svo á að Guðmundur Sesar hefði ekki verið við frístundaiðju í umrætt sinn og því hafi ekki skapast réttur til handa stefnanda úr F+3 fjölskyldutryggingunni hjá stefnda.

Stefndi bendir á að útgerð bátsins, ÍSG Ræktun ehf., hafi keypt váttryggingu vegna skipverja um borð hjá Sjóvá-Almennum Tryggingum hf. Samkvæmt tryggingarskírteini hafi tveir skipverjar um borð verið tryggðir, frá 14. desember 2009 að telja, og sé um að ræða slysatryggingu sjómanna samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Auk þess hafi útgerðin verið með líftryggingu fiskimanna á smábátum hjá Sjóvá Líf. Hafi stefnandi fengið greiddar eingreiðslubætur úr

slysatryggingu sjómanna frá Sjóvá í samræmi við ákvæði 172. gr. siglingalaganna enda litið svo á að Guðmundur Sesar hafi verið ráðinn um borð í skipsrúm í umrætt sinn. Slysið hafi þannig staðið í beinu sambandi við störf útgerðarinnar og hann unnið fyrir hana.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi kveður að réttarsamband aðila máls þessa byggist á váttryggingar samningi Guðmundar Sesars Magnússonar og stefnda.

Samkvæmt skilmálum samnings þessa beri stefnda að greiða dánarbætur að því skilyrði uppfylltu að váttryggður hafi látist af slysförum, nema í skilmálunum sé að finna einhverjar þær undanþágur sem leysi stefnda undan greiðsluskyldu. Sönnunarbyrðin um að þessar undanþágur eigi við í þessu tilfalli hvíli á stefnda.

Í tryggingarskilmálum þeim, sem hér sé byggt á, sé ekki að finna neina nánari skilgreiningu á því, hvað séu frístundir eða frítími (orðin séu bæði notuð í skilmálunum, að því er virðist í sömu merkingu), en aðeins bætt við öðrum aðstæðum sem gilt gætu til jafns, þ.e. heimilisstörfum, skólanámi eða almennum íþróttaiðkunum. Þá sé ekki að finna í skilmálunum neina takmörkun á hugtakinu frístund. Í millifyrirsögn segir: „Félagið greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða ...“ og síðan séu talin þau tilvik sem þetta eigi við um í ákvæðum 4.3 - 4.15 Ekki sé vikið að neinu í þessum ákvæðum sem skýrt gæti frekar merkingu hugtaksins frístundir.

Í bréfi stefnda til lögmanns stefnanda segir að það sé mat stefnda að slysið sem hér um ræði sé vinnuslys. Þá segir að tryggingin greiði ekki bætur vegna slysa sem váttryggðir verði fyrir í vinnu og því skuli ekki greiddar bætur.

Í skilmálum þeim sem hér um ræði komi hvorki fyrir orðin vinna né vinnuslys.

Fyrir liggir í málinu að Guðmundur Sesar Magnússon heitinn var ekki á launum við störf um borð í Berki frænda, hann hafi ekki verið lögskráður á bátinn og hafði ekki verið gerður við hann skipsrúmssamningur, hvorki munnlegur né skriflegur.

Þá hafi þau verk, sem Guðmundur Sesar skilaði á ferð sinni ekki getað talist arðsöm að neinu leyti.

Slysið hafi verið tilkynnt Sjúkratryggingum Íslands. Í svarbréfi SÍ segir m.a. : „Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun er ekki að sjá laun hjá Guðmundi heitnum vegna vinnu fyrir útgerðina ÍSG ræktun. Þá var hann hvorki með skráðan atvinnurekstur á eigin kennitölu né reiknað endurgjald vegna hans á slystíma. Samkvæmt upplýsingum úr lögskráningarkerfi sjómanna hjá sýslumönnum var hann ekki lögskráður á sjó á slysdegi. Málið var því ekki skoðað frekar efnislega þar sem ekki er að sjá að um bótaskyldt vinnuslys samkvæmt almannatryggingalögum sé að ræða.“

Í álitni úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum segi: „Ágreiningur í málinu eins og það er lagt fyrir af málsaðilum snýst um gildissvið frítímaslysáttryggingar og hvort eiginmaður M hafi verið í vinnu í umrætt sinn eða ekki. Af hálfu V hafa verið leiddar líkur að því að [hann] hafi verið við vinnu þegar slysið varð, en hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á það með óyggjandi gögnum. Þegar allar aðstæður eru skoðaðar og reynsla hins látna og starfa um langa hríð sem sjóðmaður og aðkoma að flutningi bátsins, bendir allt til þess að hann hafi verið í vinnu þegar hann tók að sér að flytja bátinn, óháð því, hvort gerður var við hann formelgur samningur eða ekki. Þá ber einnig á það að líta að flutningur bátsins var vegna áætlana um atvinnu og arðskapandi veiðar á bátnum alla vega í náinni framtíð. Ekki verður því séð, að eiginmaður M hafi verið við frístundaiðju í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr F+3 fjölskyldutryggingu hjá V.“

Eins og álitnið sé sett fram leggi nefndin sönnunarbyrðina á stefnanda um greiðsluskyldu stefnda. Engin nánari skilgreining sé á því hvað sé frístund. Í þess stað sé komin frístundaiðja. Þá sé komin vinna og vinnuslys sem séu hugtök sem stefnandi hafi komið með inn í þessa röksemdafærslu, án þess að þeirra sjái nokkurn stað í váttryggingarskilmálum.

Eins og málið liggi fyrir sé á því byggt að stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því að slysið hafi ekki orðið í frístundum Guðmundar Sesars.

Krafan sé byggð á váttryggingarsamningi aðilanna og skilmálum stefnanda nr. GH20.

Aðild stefnanda sé byggð á gr. 6.1.6 í skilmálum nr. GH20 og 2. mgr. 100. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Vaxtakrafa sé byggð á 123. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og III. og IV. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Málsástæður stefnda og lagarök

Sýknukrafa stefnda er byggð á því að atvik það sem stefnandi byggir kröfu sína á falli utan bótasviðs F+3 fjölskyldutryggingarinnar sem stefnandi var með hjá stefnda og krafa hennar byggist á.

Rétt þyki í upphafi að benda á að því sé ekki haldið fram af hálfu stefnda að einhverjar þær undanþágur sem taldar séu upp í gr. 4.3 til 4.15. í skilmálunum eigi við og bótaréttur því ekki fyrir hendi af þeim sökum. Þessar undanþágur komi einungis til álita þegar atvik sem leiða til bótaréttar geta fallið undir bótasvið tryggingarinnar, þ.e. verða í þeim tilvikum sem talin eru í 4 gr., þar á meðal í frístundum.

Því sé alfarið mótmælt af hálfu stefnda, sem stefnandi haldi fram, að slysið hafi ekki orðið við vinnu heldur í frístundum Guðmunar Sesars. Bendi stefndi á að sönnunarbyrðin um að umrætt atvik eigi undir tryggingu, þannig að bótaréttur hafi stofnast, þ.e. að Guðmundur Sesar hafi verið við frístundaiðju þegar hann lést, sé

alfarið hjá stefnanda.

Um trygginguna gildi váttryggingaskilmálar nr. GH20. Í kafla III sem fjalli um frítímaslysáttryggingu sé fjallað um bótasviðið í 4. gr. og segi þar: „Félagið greiðir bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, skólanám eða almennar íþróttaiðkanir,..."

Það sé því skilyrði þess að bótaréttur stofnist að slys hafi orðið í frístundum hins váttryggða. Utan tryggingarinnar falli því slys sem verði þegar hinn váttryggði sé við vinnu, hvort sem það sé á eigin vegum eða fyrir aðra.

Ekki sé í máli þessu ágreiningur um að slys hafi orðið sem leiddi til andláts eiginmanns stefnanda. Ágreiningurinn snúist um það hvort slysið varð í frístundum hans í skilningi tryggingarskilmálanna eða þegar hann var við vinnu.

Sé óumdeilt að umrædd trygging eigi einungis við um slys sem verða við frístundaiðju en ekki þegar viðkomandi er við vinnu eða á ferð til og frá vinnu. Stefndi telji að umræddur atburður, sem leiddi til andláts eiginmanns stefnanda, hafi ekki orðið í frístundum hans heldur þegar hann var við vinnu. Hann hafi verið að vinna fyrir fyrirtækið ÍSG Ræktun ehf. þegar slysið varð og hafi vinnan verið fólgin í því að sigla bátnum frá Vopnafirði til Reykjavíkur. Það að bátur sé á siglingu eða á leið milli hafna breyti ekki vinnu sjómanns um borð í frístundaiðju. Þar af leiðandi falli atvikið utan við skilmála tryggingarinnar og bætist ekki úr henni.

Hugtakið frístund sé almennt skilgreint sem svo að það sé frjáls tími, utan vinnutíma. Hér sé átt við tíma sem notaður sé að eigin vali til annars en vinnu og annars vinnutengds, hvort sem það er fyrir annan eða viðkomandi sjálfan. Slíkur frjáls tími geti snúið hvort sem er að heimili, skóla eða tómstundum, sbr. gr. 4.1 í skilmálanum. Frístund eða frítími sé því eitthvað sem gert sé utan við hvers kyns vinnu, tími sem notaður sé í eigin þágu, t.d. til ýmiskonar tómstundastarfa, samveru með fjölskyldunni eða til afslöppunar.

Almennt sé litið svo á að utan við frístundir falli athafnir þegar viðkomandi sé við störf, hvort sem þau séu launuð af öðrum eða arðberandi í eigin þágu eða annarra og einhver atvinnuslysaáætta fylgi. Sé litið svo á að atvinnustarfsemi, hver svo sem hún sé, eigi að bera kostnað sem verði af slysum sem verða við ástundun hennar.

Umrætt slys varð þegar Guðmundur Sesar var að sigla bát sem félag, þar sem hann var bæði framkvæmdastjóri og í stjórn, hafði keypt og ætlaði að nota sem vinnutæki. Hafi flutningur bátsins verið nauðsynlegt skilyrði þess að unnt væri að nota hann til þeirra starfa sem hann var ætlaður. Sé því augljóst að Guðmundur Sesar hafi verið að vinna að einhverju arðberandi fyrir sjálfan sig, sem og aðra, þegar hann tók að sér að sigla bátnum suður. Skipti því ekki máli í þessu sambandi hvort hann þáði laun fyrir eða var sérstaklega ráðinn til verksins með samningi. Aðalatriðið sé að þetta var liður í fyrirhugaðri atvinnustarfsemi sem m.a. var á vegum hans sjálfs. Falli atvikið því augljóslega utan við bótasvið frítímaslysáttryggingarinnar enda geti þessi athöfn hans ekki flokkast sem „í frístundum“ í skilningi skilmálanna og samkvæmt almennum orðskýringum orðsins „frístund“.

Þessu til enn frekari stuðnings megi benda á að keypt hafði verið svokölluð áhafnartrygging hjá Sjóvá. Sé þeirri tryggingu ætlað að greiða bætur í samræmi við ákvæði 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 ef sjómaður verður fyrir slysi við vinnu um borð í skipi eða í beinum tengslum við rekstur skips. Fyrir liggja að stefnandi hafi fengið greiddar dánarbætur úr þessari tryggingu, þ.e. bætur vegna vinnuslyss. Þegar af þeim sökum beri að hafna bótarétti úr frítímaslysaftryggingunni hjá stefnda, enda geti bótaréttur tæplega stofnast samhliða vegna sama atviks úr tryggingu sem greiði bætur vegna vinnuslysa og tryggingu sem greiði bætur vegna slysa sem verða í frístundum.

Stefndi mótmæli því sem stefnandi virðist halda fram að niðurstaða Sjúkratrygginga Íslands um að slysið teljist ekki vinnuslys samkvæmt lögum nr. 100/2007 skipti hér máli. Skilyrði þess að bótaréttur úr almannatryggingum stofnist sé ekki til skoðunar í þessu máli enda séu þau ekki þau sömu og þegar metið sé hvort atvik falli undir bótasvið frítímaslysaftryggingarinnar.

Vegna ummæla í stefnu skuli bent á að þar sem um frístundatryggingu er að ræða skiptir ekki máli þó ekki sé fjallað um skilgreiningu hugtakanna „vinna“ eða „vinnuslys“ í skilmálunum enda eigi það ekki við.

Stefndi vísar einkum til almennra reglna skaðabóta- og vátryggingaréttar, laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og vátryggingarskilmála VÍS nr. GH20. Krafa um málskostnað byggist á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Stefnandi er ekkja Guðmundar Sesars Magnússonar er fórst þegar vélbátnum Berki frænda NS055 hvolfdi í desember 2009. Guðmundur Sesar hafði keypt svonefnda F plús 3 fjölskyldutryggingu hjá stefnda samkvæmt vátryggingarskilmálum nr. GH20. Stefnandi, sem er ekkja Guðmundar Sesars, krefst í máli þessu greiðslu dánarbóta samkvæmt þeim hluta skilmálanna sem nefnd er frítímaslysaftrygging. Krafa hennar byggist á gr. 6.1.6 í skilmálum um trygginguna og 2. mgr. 100. gr. laga nr. 30/2004.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort þau atvik sem stefnandi byggir kröfu sína á falli undir bótasvið F+3 fjölskyldutryggingarinnar.

Í gr. 4.1 í skilmálunum segir um bótasvið að félagið greiði bætur vegna slyss er vátryggður verði fyrir í frístundum, við heimilisstörf, skólanám eða almennar íþróttaiðkanir.

Fyrir liggur að félagið ÍSG Ræktun ehf. hafði keypt bátinn Börk frænda NS055 skömmu áður en umræddur atburður gerðist. Tilgangur ferðar Guðmundar Sesars og Ívars var að sækja bátinn og sigla honum til Reykjavíkur. Guðmundur Sesar og Ívar höfðu, ásamt öðrum, stofnað félagið ÍSG Ræktun ehf. til þess að undirbúa kræklingaræktun og voru kaupin á bátnum liður í þeim undirbúningi. Byggir stefnandi á því að Guðmundur Sesar hafi ekki verið á launum um borð í Berki frænda, hann hafi ekki verið lögskráður á bátinn og ekki hafi verið gerður við hann

skiprúmssamningur. Þá geti þau verk sem hann skilaði í ferð sinni ekki talist arðsöm að neinu leyti.

Í almennri orðnotkun merkir frístund frjálssa stund utan vinnutíma.

Þegar metið er hvort Guðmundur Sesar var í vinnu er slysið varð eða við frístundaíðju verður ekki fram hjá því litið að hann sat í stjórn ÍSG Ræktunar ehf. og var jafnframt framkvæmdastjóri félagsins. Þá verður heldur ekki fram hjá því litið að kaupin á bátinum voru liður í þeirri starfsemi sem félaginu var ætluð og flutningur bátsins til Reykjavíkur sömuleiðis. Enda þótt Guðmundur Sesar hafi ekki verið launaður starfsmaður félagsins þykir ljóst að hann hafi, er slysið varð, verið við vinnu í þágu félagsins. Er því fallist á með stefnda að þau atvik sem stefnandi byggir kröfu sína á falli utan gildissviðs F+3 fjölskyldutryggingarinnar sem stefnandi var með hjá stefnda.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Oddrúnar Kristófersdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Kristjana Jónsdóttir